

T I L L A G A

til þingsályktunar um skipun starfshóps til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Aukakirkjuþing 2021 ályktar að skipa starfshóp þriggja kirkjuþingsfulltrúa til að fara yfir gildandi starfsreglur kirkjuþings og leggja mat á hvaða starfsreglur skuli halda gildi sínu áfram. Enn fremur fari starfshópurinn yfir það hvaða starfsreglur skuli teknar til endurskoðunar og hvort gildistími þeirra skuli þá framlengdur tímabundið fram á árið 2022, svo tími gefist til þeirrar endurskoðunar. Starfshópurinn vinni tillögur að starfsreglum samkvæmt framanskráðu og leggi fram á kirkjuþingi 2021-2022, eigi síðar en í nóvember mánuði 2021.

Starfshópurinn fari einnig yfir þær réttarheimildir sem féllu brott samkvæmt 13. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, við gildistöku þeirra þann 1. júlí 2021 og geri tillögur til kirkjuþings 2021-2022, um hvort og þá hvað af efni þeirra skuli tekið upp í starfsreglur kirkjuþings.

Greinargerð.

Forsætisnefnd kirkjuþings leggur til að aukakirkjuþing 2021 álykti að skipa starfshóp þriggja kirkjuþingsfulltrúa til að fara yfir þær starfsreglur og aðrar réttarheimildir sem greinir í tillögunni í máli þessu. Ákvarða þarf hvaða starfsreglur skuli formlega fá áframhaldandi gildi, hvaða starfsreglur skuli endurskoða og hvaða starfsreglur skuli falla brott. Sama er að segja um áframhaldandi gildi efnisreglna þeirra réttarheimilda sem féllu brott þann 1. júlí 2021, sbr. 13. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Lagt er til að starfshópurinn leggi fram að meginstefnu til tillögur sínar eigi síðar en í nóvember mánuði 2021, svo kirkjuþing 2021-2022 geti tekið ákvarðanir um framangreint.

Ljóst má telja að ýmsar starfsreglur þurfa að öðlast áframhaldandi gildi eðli málsins samkvæmt. Um aðrar starfsreglur kann að gilda öðru máli. Þykir í því sambandi rétt að kannað verði hvort framlengja megi gildistíma þeirra fram á mitt ár

2022 að lágmarki, svo tími gefist til að kanna vandlega hvort skipa skuli málum með sama hætti sem greinir í þeim starfsreglum, eða annan veg setja. Þá er sömuleiðis lagt til að farið verði yfir allar þær réttarheimildir, sem margar eru fornar og sem felldar voru brott með ákvæðum framangreindrar 13. gr. laganna og afstaða tekin til þess hvort áfram verði viðhaldið þeirri skipan mála sem þær mæla fyrir um að hluta eða öllu leyti.

Með starfshópnum starfi sérfróðir aðilar um framangreind málefni og aðstoði starfshópin við störf sín.